



Boðsbréf – Íslandsmót í Bardaga 2024

Mótshaldari	<u>Taekwondosamband Íslands (TKÍ) Taekwondosamband Íslands (TKÍ)</u>
Mótsstjórn	<u>Mótanefnd TKÍ</u>
Formaður TKÍ	<u>Snorri Hjaltason (tki@tki.is)</u>
Yfirdómari	<u>Malsor Tafa IR</u>
Dagsetning	<u>09.mars 2024</u>
Staðsetning	<u>Íþróttahúsið Sunnubraut Keflavík</u>
Skráningarfrestur	<u>01.mars 2024 Klukkan 21:00</u> Félög skrá sína keppendur sjálf og greiða keppnisgjöld fyrir þá alla í einu lagi. Ef upp koma vandamál getur TKÍ aðstoðað við skráningu Skráning fer fram á síðunni - www.tpss.eu https://www.tpss2021.eu Vinsamlegast ekki nota Íslenska stafi Röng skráning getur valdið því að keppandi verði ekki gjaldgengur til keppni. Ekki verður tekið við skráningum eftir lok skráningarfrests.
Birting flokkaskiptinga	<u>6.mars 2024</u>
Frestur til að samþykkja sameiningar	<u>7. mars 2024</u>
Keppnisgjöld	<u>4,500 per skráningu</u> Keppnisgjöld skulu greidd inn á reikning: Br: 515 - 26 - 50010 Kt: 500103-2050
Frestur til að greiða keppnisgjöld	<u>13.mars 2024</u>
Birting bardagatrjáa	<u>Föstudagskvöldið 8. mars 2024</u>

Vigtun

17:00-18:00 föstudaginn 8.mars TKÍ Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Þeir sem ekki mæta í viktun fá ekki að keppa.

Reynist keppandi í öðrum þyngdarflokki þegar vigtað er en gefið var upp við skráningu getur keppandinn óskað eftir því að færa sig í réttan þyngdarflokke gegn því að greiða gjald sem nemur sömu fjárhæð og keppnisgjaldið.

Upphaf keppni

10:00

Lágmarks beltakröfur

9. Geup (gul rönd)

Gjaldgengi

Keppendur skulu vera skráðir í viðkomandi félag þegar skráningarfresti á mót lýkur.

Þegar um Íslandsmót er að ræða gilda reglur um gjaldgengi keppenda sem settar hafa verið í reglugerð þar að lútandi.

Félag keppanda skal vera skuldlaust við TKÍ vegna eldri móta.

Félag keppanda skal ekki vera í banni frá keppni skv. ákvörðun TKÍ eða ÍSÍ.

Að öðru leyti skal vísað til reglna ÍSÍ um gjaldgengi keppenda á mótum á vegum ÍSÍ og sérsambanda innan þess.

Reglugerð TKÍ varðandi félagaskipti og keppnisleyfi:

<http://tki.is/wp-content/uploads/2011/09/reglugerdTKI.pdf>

Móta- og keppendareglur ÍSÍ

isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Logreglugerdir/mota_og_keppendareglur.pdf

Ábyrgð

Allir keppendur á mótum á vegum TKÍ eru þar á eigin ábyrgð. Hvorki TKÍ, mótstjórn eða umsjónaraðilar móts bera ábyrgð á mögulegum meiðslum sem keppendur kunna að verða fyrir.

Höfuðspörk

Reglur TKÍ um höfuðspörk gilda. Höfuðspörk eru óheimil í B flokki cadet (9. - 5. geup) og minior.

Takmarkanir á skráningu

Keppandi getur einungis keppt í einum þyngdar-, aldurs- og kynjaflokki.

Keppnisreglur

Miðað verður við nýjustu keppnisreglur WT nema að reglur TKÍ um höfuðspörk gilda.

Flokkaskipting

B flokkur 9. - 5. Geup

A flokkur 4. geup og hærra

Aldursskipting

Flokkur	Aldur
Cadet	12-14 ára
Junior	15-17 ára
Senior	18-34 ára
Veteran	35 ára og eldri

Miðað er við hvaða aldri keppendur ná á keppnisári
 Dæmi: Aðili sem verður 18 ára á keppnisári skal skráður í senior flokk

Þyngdarflokkar og sameiningar

Senior og veteran þyngdarflokkar eru sem hér segir:

Ólympískir þyngdarflokkar			
Karlur		Konur	
Undir 58kg	Ekki yfir 58kg	Undir 49kg	Ekki yfir 49kg
Undir 68kg	Yfir 58kg og ekki meira en 68kg	Undir 57kg	Yfir 49kg og ekki meira en 57kg
Undir 80kg	Yfir 68kg og ekki meira en 80kg	Undir 67kg	Yfir 57kg og ekki meira en 67kg
Yfir 80kg	Yfir 80kg	Yfir 67kg	Yfir 67kg

Junior þyngdarflokkar eru sem hér segir

Ólympískir þyngdarflokkar (ólympíuleikar æskunnar / youth olympics)			
Drengir		Stúlkur	
Undir 48kg	Ekki yfir 48kg	Undir 44kg	Ekki yfir 44kg
Undir 55kg	Yfir 48kg og ekki meira en 55kg	Undir 49kg	Yfir 44kg og ekki meira en 49kg
Undir 63kg	Yfir 55kg og ekki meira en 63kg	Undir 55kg	Yfir 49kg og ekki meira en 55kg
Undir 73kg	Yfir 63kg og ekki meira en 73kg	Undir 63kg	Yfir 55kg og ekki meira en 63kg
Yfir 73kg	Yfir 73kg	Yfir 63kg	Yfir 63kg

Cadet þyngdarflokkar eru sem hér segir

WT þyngdarflokkar			
Drengir		Stúlkur	
Undir 33kg	Ekki yfir 33kg	Undir 29kg	Ekki yfir 29kg
Undir 37kg	Yfir 33kg og ekki meira en 37kg	Undir 33kg	Yfir 29kg og ekki meira en 33kg
Undir 41kg	Yfir 37kg og ekki meira en 41kg	Undir 37kg	Yfir 33kg og ekki meira en 37kg
Undir 45kg	Yfir 41kg og ekki meira en 45kg	Undir 41kg	Yfir 37kg og ekki meira en 41kg
Undir 49kg	Yfir 45kg og ekki meira en 49kg	Undir 44kg	Yfir 41kg og ekki meira en 44kg
Undir 53kg	Yfir 49kg og ekki meira en 53kg	Undir 47kg	Yfir 44kg og ekki meira en 47kg
Undir 57kg	Yfir 53kg og ekki meira en 57kg	Undir 51kg	Yfir 47kg og ekki meira en 51kg
Undir 61kg	Yfir 57kg og ekki meira en 61kg	Undir 55kg	Yfir 51kg og ekki meira en 55kg
Undir 65kg	Yfir 61kg og ekki meira en 65kg	Undir 59kg	Yfir 55kg og ekki meira en 59kg
Yfir 65kg	Yfir 65kg	Yfir 59kg	Yfir 59kg

Reglur um sameiningar

World Taekwondo Kyorugi keppnis reglur. Þeir keppendur sem ekki næst að sameina í flokka og fá ekki bardaga þurfa ekki að greiða mótsgjald og fá ekki medalíu eða stig í stigakeppni félaga.

Tímalengd bardaga

Flokkur Lotur Lengd lotu (mín) Hvíld á milli lota (mín)

Cadet	3	1,0	0,5
Junior	3	1,5	0,5
Senior	3	2,0	1
Veteran	3	1,5	0,5

Mótmæli

Hefðbundin mótmæli þjálfara skv. keppnisreglum WT (video replay)
 Myndbandsupptökur annarra en mótsstjórnar, ef um slíkt er að ræða, eru

ekki heimilar í tengslum við mótmæli.Úrskurður bardagastjóra er endanlegur og honum verður ekki áfrýjað.

Hlífðarbúnaður í bardaga

Eftirfarandi búnaður er skylda að vera með og keppendur bera ábyrgð á að koma með hann og að hann sé í lagi

Hjálmur	Hanskar
Legghlíf	Klofhlíf *
Framhandleggshlíf	Glær hlífðargómur **
Ristarhlíf með rafskynjara	

* valkvætt fyrir konur, en mælt með

** ekki skylda fyrir Cadet B og lægra eða þá sem keppa með andlitshlíf. En mælt með því

Keppendur með ófullnægjandi hlífðarbúnað fá ekki heimild til keppni.

Keppnisbúnaður

Heimilt er að keppa með allan þann keppnisbúnað sem leyfilegur er skv. keppnisreglum WT.

Mótsstjórn mun útvega keppendum rafbrynjur og rafhjálma. Notast verður við Daedo Gen2. Cadet keppendur munu keppa með hjálmum með andlitshlíf

Keppendur bera að öðru leyti ábyrgð á öllum keppnisbúnaði, þ.m.t. raftásam.

Verðlaun

1 gullverðlaun fyrir sigur í flokki

1 silfurverðlaun fyrir annað sætið í flokki

2 bronsverðlaun fyrir þriðja sæti í flokki (ekki er keppt sérstaklega um brons)

Stigakeppni félaga

Gullverðlaun	7 stig
Silfverðlaun	3 stig
Bronsverðlaun	1 stig
Unnin bardagi	3 stig
Gullverðlaun án bardaga	1.stig ***

Aðeins telja þátttakendur í A flokki Cadet, Junior, Senior og Veteran til stigakeppni félaga.

*** Ef andstæðingur forfallast